

Miðvikudaginn 11. dez. 1935.

Nr. 63/1935. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Höskuldi Eyjólfssyni (Eggert Claessen)

og

Réttvísinn (Lárus Jóhannesson)

gegn

Hauki Eyjólfssyni (Eggert Claessen).

Brot gegn 99., 101. og 102. gr. hegningarlaganna og 6. gr. áfengislaganna.

Dómur aukaréttar Árnassýslu 3. maí 1934: Höskuldur Eyjólfsson í Saurbæ sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 1500 króna sekt innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, er afplánist ella með 58 daga einföldu fangelsi. Haukur Eyjólfsson á Efra-Velli greiði 100 kr. sekt innan 30 daga frá birtingu dómsins, en sæti ella 6 daga einföldu fangelsi.

Svo greiði þeir sakarkostnað, þar á meðal 60 krónur til talsmanns síns, Eggerts Claessen hrmflm., Höskuldur að $\frac{5}{6}$ en Haukur að $\frac{1}{6}$ hluta.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 8. marz 1933, beiddist hinn reglu- legi dómari í Árnassýslu þess, að skipaður yrði setu- dómari þar, til að framkvæma rannsókn út af brot- um á áfengislöggjöfinni og til að kveða upp dóm í málum út af þeim brotum. Þann 10. s. m. skipaði dómismálaráðuneytið Arnljót Jónsson cand. jur. til þess að framkvæma nefnd störf í Árnassýslu, með- an sýslumaður Magnús Torfason situr á Alþingi. Samkvæmt þessari skipun framkvæmdi Arnljótur rannsókn þessa máls, þar á meðal húsleit hjá á-

kærða Höskuldi, þann 11. marz 1933, til 29. s. m., er gefin var út honum til handa konungleg umboðs-skrá til að rannsaka mál út af brotum á áfengislög-gjöfinni almennt. Verjandi hinna ákærðu hefir gert þá kröfu fyrir hæstarétti, að gerðir áður nefnds setu-dómara í máli þessu frá 11. marz 1933 til 29. s. m. verði ómerktar, með því að hinn reglulegi dómari hafi ekki vikið sæti í því. Skipun setudómarans var samkvæmt beiðni hins reglulega dómara og var bundin við þingsetu hans, og því miðuð við fjar-veru hans frá embættinu og forföll. Verður því ekki talið, að nauðsyn hafi verið til þess, að hann viki sæti með sérstökum úrskurði í hverju þeirra mála, er upp kynnu að koma, meðan hann væri á þingi, og skipunarbréf setudómarans tók til. Verður að telja, að skipunarbréf setudómarans eitt hafi veitt honum nægilegt vald til þess að framkvæma þær athafnir í máli þessu, er fram fóru á tímabilinu frá 11. marz 1933 til 29. s. m. Sú sýknuástæða hinna ákærðu af ákæru samkvæmt 12. kap. hegningarlaganna, að þau brot þess kyns, er gerðust 11. og 24. marz 1933, hafi eigi komið fram á manni, er þá hafi haft dómsvald í málinu, verður því ekki tek-in til greina.

I. Brot ákærða Höskulds Eyjólfssonar.

Þann 11. marz 1933 fór fram húsleit á heimili ákærða. Sinnti hann ekki í fyrstu skipun dómarans um að opna dyr að eða í húsi sínu, enda þótt dóm-arinn byði honum að gera það í laganna nafni, og þótt fullvist megi telja, að ákærði, sem aðeins ein læst hurð skildi frá dómaranum, hafi heyrt til hans. Var því reynt að opna dyrnar með valdi, en loks opnaði ákærði eða lét opna dyrnar. Á meðan

dómarinn og menn hans voru að reyna að komast inn, kallaði ákærði til þeirra og sagðist vera þar með hlaðna byssu og kvaðst skyldu skjóta þá, ef þeir hefðu sig ekki hæga. Og þegar dómarinn sagðist neyðast til að láta brjóta upp hurðina, ef eigi yrði upp lokið, þá kvaðst ákærði skyldu rota þann, er fyrstur komi inn, með byssuskeftinu. Það er upplýst, að ákærði hafði byssu, að því er virðist ríffil, undir höndum, en ekki virðist hún hafa verið hlaðin. Meðan á leitinni stóð, hafði áfengislaga-gæzlumaður sá, er var með dómáranum, fundið pelaglas í svefnherbergi ákærða með áfengi, og réð ákærði þá á hann. Urðu með þeim nokkrar sviftingar, og náði ákærði þá glasinu af löggæzlumanninum og braut það á miðstöðvarofni þar í herberginu. Gerðist ákærði þá svo óður, að dómarinn varð að láta einn af mönnum sínum fara til og hjálpa löggæzlumanninum til að halda ákærða, þar til hann sefaðist. Með þessu framferði sínu hefir ákærði leitast við með hótunum um ofbeldi og með ofbeldi að aftra dómáranum og mönnum hans frá því að framkvæma embættisathöfn og gerzt þar með sekur við 1. málsgr. 99. gr. almennra hegningarlaga og, að því er ofbeldi hans við löggæzlumanninn varðar, við 101. gr. sömu laga.

Í þinghaldi í málinu 15. maí 1933 hafði ákærði ennfremur þau orð um leitarmennina, sem auk dómárans og áðurnefnds löggæzlumanns, voru lögreglumenn úr Reykjavík, að honum fyndist líklegt, að þeir hafi sjálfir komið með flöskur þær, er fundust á hlaðinu heima á bæ ákærða 11. marz 1933, og gaf þar með í skyn, að þeir væru líklegir til að hafa á þann hátt ætlað að nota þær honum til áfellis, enda þótt til þess hefði bæði þurft vísit-

andi ranga bókun af hendi dómars og vísitandi ranga skýrslu af hendi leitar mannanna. Í sama þinghaldi hafði ákærði einnig óviðurkvæmlega orð um áður nefndan löggæzlumann, kvað hann hafa „leigt“ sig, og að hann (ákærði) muni hafa álitid, að löggæzlumaðurinn væri „innbrotspjófur eða einhverskonar illræðismaður“. Með slíkum ummælum, sem verður að telja fara út fyrir leyfilega sjálfsvörn sökunnauts í opinberri rannsókn, hefir ákærði illyrt handhafa opinbers valds út af opinberu starfi þeirra og þar með gerzt brotlegur við 102. gr. almennra hegningarlaga.

Við húsleitina 11. marz 1933 fann oftnefndur áfengislagagæzlumaður pelaglas í íbúð ákærða, eins og áður er vikið að, og má ætla, að á glasi þessu hafi verið heimabruggað áfengi. Ennfremur fannst þá áfengisvökvi á flöskum, er ákærði eða einhver heimamanna hans virðist hafa kastað út úr húsinu, meðan á leitinni stóð eða meðan verið var að reyna til að komast inn í hús hans. Og loks virðist mega telja áfengi hafa verið helt í vask í eldhúsi ákærða, meðan dómarsinn og menn hans voru að reyna að komast inn í hús ákærða. Er því sannað, að ákærði hefir haft ólöglegt áfengi í vörzlum sínum, sem hann hefir enga grein gert fyrir, þegar húsleitinn 11. marz 1933 fór fram. Við húsleit, sem fór fram á heimili ákærða 12. apríl 1933, fundust í vörzlum hans tinnur til gerjunar og suðu áfengis og suðutæki, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, þá fannst þar og poki með 30—40 korktöppum 11. marz 1933. Ákærði virðist hafa aflað sér pressugers, steytts hvítasykurs og steinolíu árið 1932 í svo stórum stíl, að allar líkur benda til, að þessi efni hafi ekki eingöngu getað verið notuð til venjulegra heimilis-

þarfa. Ákærði hefir og þrivegis sætt kærú og dómi fyrir áfengislagabrot áður en rannsókn máls þessa hófst. Loks virðist framkoma ákærða við húsleitina 11. marz 1933 hafa í sér fólgnar líkur gegn honum í máli þessu. Og þótt hinir einstöku vitnisburðir um áfengissölu ákærða sanni ekki slíka sölu neitt ákveðið skipti, þá virðast þeir styrkja allar þær líkur, sem fram eru komnar í máli þessu fyrir því, að ákærði hafi fengizt við áfengisbruggun. Með tilliti til alls þessa, sem nú hefir verið fram tekið, þykir vera gegn neitun ákærðs komin fram nægileg sönnun fyrir því, að hann hafi gerzt sekur um bruggun áfengis síðan hann var síðast dæmdur fyrir þesskonar brot, og varðar þetta brot hans við 6. gr. laga nr. 64/1930. Þegar litið er til bruggunartækjanna og umbúnaðar þeirra og efnismagns þess, er ákærði virðist hafa aflað sér, þá virðist mega telja fullvist, að hann hafi bruggað áfengið í því skyni að selja það. Refsing ákærða fyrir áfengislagabrot hans í máli þessu ber nú að meta samkvæmt 30. gr. laga nr. 33/1935. Þykir samanlögð fangelsisrefsing ákærða fyrir öll framantalin brot hans hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En auk þess verður samkvæmt 30 gr. laga nr. 33/1935 að dæma ákærða til að greiða 1500 króna sekt til menningarsjóðs, og afplánist sektin með 50 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með því að ilát þau og suðutæki, sem fundust í vörzlum ákærða 12. april 1933, eru ekki síður eftir eðli sínu nothæf til löglegra athafna en áfengistilbúnings þykir ekki eins og á stendur nægileg ástæða til að dæma þau upptæk.

II. Ákærði Haukur Eyjólfsson.

Það verður að telja, að ákærði hafi með framkomu sinni í þinghaldinu 24. marz 1933, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, í samræmi við skýrslu ákærða, gerzt brotlegur við 2. málsg. 99. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, og afplánist sektin með 7 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir framangreindum málsúrslitum verður að dæma hina ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talðar 60 krónur í málsvarnarlaun til talsmanns þeirra í héraði og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 250 krónur til hvors, þannig, að ákærði, Höskuldur, greiði ⅓ og ákærði, Haukur, ⅔ hluta.

Því dæmist rétt vera :

Ákærði Höskuldur Eyjólfsson sæti 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 1500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 50 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Haukur Eyjólfsson greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hinir ákærðu greiði allan kostnað sakarinn-

ar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með taldar 60 krónur í málsvarnarlaun til talsmanns þeirra í héraði, hæstaréttarmálflutningsmanns Eggerts Claessen, og málflytningu- laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Eggerts Claessen, 250 krónur til hvors, þannig, að ákærði Höskuldur Eyjólfsson greiði $\frac{1}{10}$ og ákærði Haukur Eyjólfsson $\frac{1}{10}$ hluta.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lög- um.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 10. marz f. á. var Arnljótur Jónsson lögfræðingur skipaður setudómari í Árnessýslu til að rannsaka brot gegn áfengislöggjöfinni og dæma í málum, er þar kynnu að rísa, og 29. s. m. er sami maður skipaður commissarius í samskonar málum.

Með bréfi 25. ágúst f. á. er hinum reglulega dómara skipað að höfða mál gegn kærðum sakir þess, að commissarius entist ekki til frekari meðferðar málsins. Af þessum sökum getur frágangur málsins ekki orðið eins nákvæmur og æskilegt hefði verið.

Við rannsókn í Saurbæ 11. marz f. á., og síðar og með ýmsum vitnisburðum virðist nægilega sannað það er hér segir um brot kærðs, Höskuldar Eyjólfssonar gegn áfengislögunum:

Í húsnum hans fannst vasapeli með allsterkum vínþef, en sakir þess að innihald hans spilltist og blandaðist þvagi varð styrkleiki og tegund þess vökva ekki rannsakaður. Í forinni fyrir utan húslugga fannst flöskubrot með glærum vökva, er reyndist heimabruugg, 23,9% að styrkleika að rúmmáli. Úr skólpleiðslu lagði megnan vínþef, og ennfremur fundust þar allmargir korktappar.

Bruggunartæki með útbúnaði fundust þar í bás, gerj-

unartunna, suðutunna og suðuáhöld, og að tilvisun heimamanna kærðs fannst pípa til bruggsuðu undir bási, og enn hefir kærður keypt óvenjulega mikið af pressugeri og 475 tvíþund af steyttum hvítasykri á einu ári, en þetta hvorttveggja er almennt notað við heimabrigg. Þá hafa nokkur vitni borið, að þeir hafi keypt heimabrigg af kærðum, ýmist á heimili hans eða utan heimilis og einnig af heimilisfólki kærðs. Eru vitnisburðir þessir flestir stakir að visu, en sumir þó studdir af öðrum rökum.

Af þessum rökum öllum saman verður, þrátt fyrir neitun kærðs, að teljast sannað, að hann hafi bæði bruggað áfengi og selt það.

Að því er snertir brot gegn 12. kap. alm. hegningarlaga virðist það nægilega sannað með samhljóða vitnisburðum, að kærður hefir sýnt réttinum og aðstoðarmönnum hans ótilhlýðilegan mótþróa með smánaryrðum og hótanagorti í réttarhaldi 11. marz, í þeim tilgangi að tálma rannsókn og leit í húsum kærðs, en þess verður þó í þessu sambandi að geta, að úrskurður um húsleit var ekki kveðinn upp fyrr en eftir að húsin voru opnuð, og verulegs mótþróa eftir það gætti ekki nema í sambandi við er spillt var innihaldi áður getins þela, en þá lenti í handalögmáli milli kærðs og löggæslumanns þess er stóð fyrir húsleitinni.

Afbrot kærðs á undir 99. gr. 2. másl. og 101. gr. sbr. að nokkuru 103. gr. alm. hegningarlaga og undir 6. gr. sbr. 30. gr. áfengislaga 64/1930, og virðist hegning hans, með hliðsjón af því, að kærður hefir með dómi Hæstaréttar 27. jan. 1927 og lögregludómi Árnassýslu 31. dez. s. á. verið dæmdur til refsingar fyrir óleyfilegan tilbúning áfengra drykkja, sbr. ennfremur dóm Hæstaréttar 28. október 1932 fyrir brot gegn 13. gr. sbr. 1. gr. sömu laga. hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi og 1500 kr. sekt til rikissjóðs, og komi 58 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan 30 daga frá birting dóms þessa.

Þá hefir verið skipað að höfða sakamál gegn meðkærðum, Hauki Eyjólfssyni á Efra-Velli, bróður Höskuldar, fyrir brot gegn 12. kap. hegningarlaganna. Í réttarhaldi að Þingdal er færð inn bókun commissarii um, að kærður hafi ruðzt inn í þinghúsið með stóran trélurk í

hendi, og hafi dómariinn boðið honum að ganga út, en hann neitað því ákveðið, ekki viljað skiljast við bróður sinn, og veifað lurkinum, hann hafi látið hið dólgslegasta, þrammað um herbergið og barið lurkinum í gólfið og viljað að dómariinn breytti bókuninni.

Það sést nú ekki að skýrsla þessi hafi verið lesin upp í réttinum, en réttarvottarnir hafa þó skrifað undir réttarhaldið. Sjálfur játar kærður ekki að hafa aðhafzt frekar en að hafa stutt kolluprikinu, er hann svo nefnir, í gólfið, er hann gekk þar um sér til hita, og látið rannsóknina hlutlausu að öðru leyti en því, að hann hafi óskað eftir, að dómariinn bókaði eina setningu nákvæmlega eftir bróður sínum. Dómariinn hafi heldur eigi vísað sér út, heldur aðeins spurt sig um, hvort hann vildi ekki fara inn í baðstofu, og heldur því fram, að frekar hafi ekki verið fengist um návist hans við rannsóknina. Það verður að lita svo á, að það hafi verið bláber skylda kærða að fara út er dómariinn innti að því, og þá eigi síður fyrir það að hann var bróðir kærðs, verður því eigi komist hjá því að dæma hann fyrir brot gegn 99. gr. 2. málgr. alm. hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 kr. sekt í ríkissjóð og vararefsing ákveðin 6 daga einfalt fangelsi ef hún er eigi greidd innan 30 daga frá birting dóms þessa.

Báðir hinir kærðu greiði sakarkostnað, þar á meðal 60 kr. til talsmanns síns í héraði, hrmflm. Eggerts Claessen, Höskuldur að $\frac{5}{8}$ en Haukur að $\frac{1}{8}$ hluta.

Óþarfur dráttur hefir ekki orðið á málinu og málaflutningurinn vítalaus.

Föstudaginn 13. dez. 1935.

Nr. 110/1935. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Erlendi Sigurðssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Sýknun af kæru fyrir landhelgisbrot.

Dómur lögregluréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar 6. júní 1935: Kærður, Erlendur Sigurðsson, á að vera sýkn af